

Bókasafnsdagurinn 2011

Nokkrir punktar að degi loknum.

Undirrituð sat fyrir hönd FINU í undirbúningsnefnd fyrir Bókasafnsdaginn 2011.

Í nefndinni sátu: Birgir Björnsson, hvar.is, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Landsbókasafni, Margrét Björnsdóttir, skólasafnamiðstöð, Bergljót Gunnlaugsdóttir, Flensborg, Margrét Sigurgeirsdóttir, Lindasafn, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Foldasafn, Hrafnhildur Hreinsdóttir, formaður Upplýsingar og Málfríður Finnbogadóttir, bókasafni Seltjarnarness.

Nefndin hóf störf 17. mars og hélt sjö fundi og eitt fagn.

Tilgangur þessa fyrsta bókasafnsdags var Að vekja athygli á bókasöfnum, starfsemi þeirra og þeim sem þar starfa.

Dagurinn var ákveðinn fimmtudaginn 14. apríl. Upphaflega var hugmyndin að vera í samfloti með Viku bókarinnar en þar sem hún lenti í dymbilvikunni þótti það ekki heppilegt fyrir skólabókasöfnin.

Notað var slagorðið: Bókasafn - heilsulind hugans.

Hönnuð voru plaköt og bókamerki – búið var áður að hanna merki fyrir slagorðið.

Rúmlega 130 söfn skráðu sig til þátttöku. Hvert safn sá um sína dagskrá. Send voru út blöðrum með slagorðinu og gert ráð fyrir að hver og einn prentaði út sín plaköt og bókamerki og fóru söfn mismunandi leiðir að því verki.

Amtsbókasafnið á Akureyri var fengið til að útbúa myndband í tilefni dagsins sem hvert safn gat sett á sinn vef. Einnig unnu starfsmenn á Amtsbókasafninu, í samstarfi við bókaverði landsins, lista um 100 íslenskar bækur sem þú verður að lesa. Listinn var notaður til kynningar og einnig gátu öll söfnin notað hann – prentað út plaköt og lista yfir bækurnar. Þessi liður vakti mikinn áhuga og almenna gleði.

Útbúnar voru auglýsingar í ljósvakamiðla, bíó og prentmiðla og unnið markvisst að því að koma deginum og starfsmönnum bókasafna í fjölmiðla, með viðtölum og greinaskrifum. Einnig var sett upp facebook síða.

Efni sem unnið var með á bókasafnsdeginum var aðgengilegt á heimasíðu Upplýsingar. Þar voru hugmyndalistar og dagskrár einstakra safna. Áhugavert var að sjá hversu fjölbreytt og skemmtileg dagskrá var í boði.

Dagurinn tókst með ágætum og var gleði ríkjandi í söfnunum og ótrúlega gaman að sjá hversu metnaðarfullar og áhugaverð dagskrárnar voru.

Nefndin fann fyrir áhuga á að halda bókasafnsdag aftur á næsta ári, en skiptar skoðanir voru um dagsetningu.

*Málfríður Finnbogadóttir,
verkefnisstjóri á Bókasafni Seltjarnarness.*